



Sveitafélagið Árborg  
Austurvegur 2

800 SELFOSS

Selfoss, 11. júlí 2019

Tilvísun: 2019010036

rmj/

Tilv. ykkar:

**Efni: Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu héraðsvegar, Keldnakotsveg (3069-01), að bænum Keldnakot af vegaskrá.**

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og hefur það hlutverk skv. 7. gr. vegalaga nr. 80/2007 að halda vegaskrá sem er skrá yfir alla þjóðvegi. Með bréfi þessu vill Vegagerðin vekja athygli á ákvæði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, um héraðsvegi sem er einn flokkur þjóðvega:

*Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnum um utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar.*

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar er föst búseta ekki lengur fyrir hendi og uppfyllir vegurinn því ekki tilgreint skilyrði þess að teljast til þjóðvega.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 774/2010 um héraðsvegi með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga, er Vegagerðinni heimilt að fella veg úr tölu héraðsvega og afskrá úr vegaskrá uppfylli hann ekki lengur skilyrði vegalaga um þjóðvegi. Með vísan til þess er áfomað að fella út veg Keldnakotsvegur (3069-01) að Keldnakot, sjá mynd 1, af vegaskrá frá og með næstu



Mynd 1 afstöðumynd (úr kortagrunni Vegagerðarinnar)

áramótum og mun viðhald og þjónusta hans ekki lengur verða á ábyrgð Vegagerðarinnar frá þeim tíma.

Gefinn er hér með kostur á að koma að athugasemdum við hina fyrirhuguðu ákvörðun og skulu þær berast Suðursvæði Vg. Selfossi innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllst,

Rannveig María Jóhannesdóttir  
Rannveig María Jóhannesdóttir  
Aðstoðarmaður Tækniðeildar

Suðursvæði Vg.